



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 2. júlí, 2009

Ákvörðun nr. 28/2009

Yfirtaka Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf. á LS Retail ehf.

Þann 26. júní barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá vegna yfirtöku Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf. (hér eftir Straumur) á LS Retail ehf. (hér eftir LS Retail) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Straumur er fjármálafyrirtæki og starfar eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. LS Retail þróar og selur hugbúnaðarlausnir fyrir afgreiðslukerfi í verslunum og öðrum þjónustufyrirtækjum ásamt því sem félagði sinnir ráðgjöf í tengslum við smásölu. Fyrirtækin starfa því ekki á sama markaði.

Í samrunaskránni kemur fram að Straumur hafi tekið yfir LS Retail á grundvelli veðsamnings. Jafnframt kemur fram að það sé ekki ætlun Straums að eiga LS Retail til frambúðar ásamt því sem rekstri félagsins hefur verið haldið aðskildum frá rekstri Straums.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ákvörðunarorð:

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna yfirtöku Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf. á LS Retail ehf. á grundvelli samkeppnislaga."

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson